

Þjónustuskilmálar Sambands íslenskra kaupskipaútgerða

I. Erindið

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2002, barst Samkeppnisstofnun tilkynning frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða (hér eftir nefnt SÍK) þess efnis að sambandið áformaði að gefa út almenna þjónustuskilmála fyrir þá þjónustu sem boðin er í tengslum við sjóflutninga. SÍK telur setningu skilmálanna sem slíkra ekki falla undir 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 þar sem þeir hafa hvorki að markmiði né leiðir af þeim að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað. Til vara óskar SÍK eftir undanþágu á grundvelli 16. gr. sbr. 12. gr. laganna.

Í erindinu segir að innan vébanda SÍK sé unnið að hagsmunamálum íslenskra kaupskipaútgerða með það að markmiði að standa vörð um sameiginlega hagsmuni aðildarfélaganna. SÍK hafi unnið að því að setja saman drög að almennum þjónustuskilmálum kaupskipa utan sjálfs sjóflutningsins. SÍK segir stöðuna vera þá að í dag séu engin lög eða reglur sem gilda um þá þjónustu sem kaupskipaútgerðir veita viðskiptavinum sínum hér á landi, þegar sjóflutningi sleppir. Með þjónustuskilmálunum yrðu að mati SÍK staðfestar ýmsar viðskiptavenjur, siðareglur og aðrar viðmiðunarreglur á þessu sviði en drög að skilmálunum hafi verið byggð á erlendum fyrirmyndum.¹ Þá hafi einnig verið höfð hliðsjón af þeim reglum sem gilt hafa hjá hverjum og einum flutningsaðila hér á landi, þ.e. að því marki sem einhverjar reglur hafi gilt. Að hluta til séu efnisreglurnar samhljóða ákvæðum siglingalaga að því marki sem þau lög hafa tekið til þessarar þjónustustarfsemi.

Að mati SÍK eiga 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga, ekki við varðandi umrædda þjónustuskilmála þar sem þeir munu ekki hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Skilmálunum sé einungis ætlað að staðfesta viðskiptavenjur og skýra stöðu annars vegar þess sem býður þjónustuna og hins vegar viðskiptamanna, bæði hvað varðar réttindi og skyldur. SÍK telur að setning skilmálanna hafi aðeins jákvæð áhrif á samkeppni þar sem réttaröryggi hafi með þeim verið tryggt.

¹ Í dæmaskyni nefnir SÍK „General Conditions of the Nordic Association of Freight Forwarders, NASAB 2000“, „Dutch Warehousing Conditions, FENEX“ og „United Nations Convention on the Liability of Operators of Transport Terminals in International Trade“.

Til vara óskar SÍK eftir undanþágu á grundvelli 16. gr. samkeppnislaga. Röksemdir SÍK fyrir setningu þjónustuskilmála eru einkum að frá sjónarhóli sendanda liggi ljósar fyrir hver sú þjónusta sé sem kaupskipaútgerðum beri að veita í tengslum við sjóflutninga þar sem réttindi og skylda beggja aðila hafi verið skilgreindar. Með setningu skilmálanna muni kaupskipaútgerðum bjóðast lægri tryggingaiðgjöld en ella. Skilmálarnir taki á engan hátt til verðlagningar eða eðli þeirra þjónustu sem veitt sé. Þeir muni þannig ekki setja kaupskipaútgerðum neinar takmarkanir hvað varðar þá þjónustu eða verð sem boðið verði. Að mati SÍK munu þjónustuskilmálarnir þannig ekki hafa nein áhrif á samkeppni í sjóflutningum en tryggja réttaröryggi og veita neytendum þannig sanngjarnan ávinning af setningu skilmálanna.

2.

Samkeppnisstofnun leitaði eftir athugasemdum Samtaka verslunarinnar á umræddum þjónustuskilmálum. Athugasemdir samtakanna bárust stofnuninni með bréfi, dags. 20. febrúar 2003. Í því kemur fram að samtökin telji að ekki verði séð að skilmálarnir feli í sér samkeppnishamlandi atriði en áskilja sér rétt til að koma að athugasemdum til stofnunarinnar á síðari stigum komi í ljós að framkvæmd þeirra hafi í för með sér möguleg brot á samkeppnislögum.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs þann 13. mars 2003 var tekin ákvörðun í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Tryggvi Axelsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í máli þessu tilkynnti Samband íslenskra kaupskipaútgerða (SÍK) Samkeppnisstofnun þau áform sambandsins að gefa út almenna þjónustuskilmála fyrir þá þjónustu sem boðin er í tengslum við sjóflutninga. SÍK telur að skilmálarnir sem slíkir falli ekki undir 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga, þar sem þeir hafi það hvorki að markmiði né leiði af þeim að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún takmörkuð eða henni raskað, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna. Til vara óskar SÍK eftir undanþágu á grundvelli 16. gr., sbr. 12. gr. samkeppnislaga.

2.

Í máli þessu hefur SÍK fyrir hönd aðildarfélaganna sinna samið almenna þjónustuskilmála sem ætlað er að gilda um þjónustu aðildarfélaganna sambandsins fyrir utan sjálfan sjóflutninginn.

Að mati samkeppnisráðs hafa samræmdir þjónustuskilmálar það í för með sér að fjórir keppinautar á sviði sjóflutninga munu sameinast um tiltekin viðskiptakjör sem ætlað er að gilda gagnvart viðskiptavinum félaganna. Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 107/2000, segir að allir samningar sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað séu bannaðir. Þá segir að bannið taki m.a. til samninga, samþykktar og samstilltra aðgerða sem hafa áhrif á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, sbr. a-lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga. Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga segir að undir hugtakið önnur viðskiptakjör geti m.a. fallið ýmis samkeppnishamlandi skilyrði t.d. fyrir ábyrgð, afslætti eða skilyrði varðandi greiðslukjör. Í umræddum þjónustuskilmálum er m.a. fjallað um ábyrgð félags og ábyrgðartíma, upphæð bóta og undanþágur frá ábyrgð. Samkeppnisráð getur fallist á það með SÍK að með þjónustuskilmálunum sé að ákveðnu leyti verið að staðfesta ýmsar viðskiptavenjur, siðareglur og viðmiðunarreglur á þessu sviði sjóflutninga en engu að síður er með skilmálunum verið að samræma ákveðna þætti varðandi þjónustu kaupskipaútgerða sem getur haft í för með sér að samkeppni milli aðildarfélaganna takmarkast. Verður því að telja að slíkir samræmdir þjónustuskilmálar hagsmunasamtaka fyrirtækja á sama sölustigi séu til þess fallnir að takmarka samkeppni þeirra á milli.

3.

Í 16. gr. samkeppnislaga er samkeppnisráði veitt heimild til þess að veita undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. laganna. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. gr.:

- „a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflitæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.“*

Það er mat samkeppnisráðs að almennir þjónustuskilmálar SÍK brjóti gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Ráðið metur þó aðstæður í máli þessu svo að forsendur séu fyrir því að veita undanþágu frá bannákvæði 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga, á grundvelli 16. gr. laganna. Skilyrði undanþágunnar eru þau að skilmálarnir muni ekki

setja kaupskipaútgerðum neinar takmarkanir varðandi þá þjónustu eða verð sem boðið er. Einnig ber að áréttta að þrátt fyrir þessa undanþágu er aðildarfélögum SÍK með öllu óheimilt að miðla viðskiptalegum upplýsingum sín á milli og þá er félögunum óheimilt að hafa með sér hvers konar samvinnu um verð eða aðra viðskiptaskilmála.

Í erindi SÍK kemur m.a. fram að með setningu skilmálanna komi kaupskipaútgerðum til með að bjóðast lægri tryggingariðgjöld og einnig leiði skilmálarnir til aukins réttaröryggis. Samkeppnisráð gefur sér þá forsendu í málinu að þetta gangi eftir. Því verði að líta svo á að skilmálarnir stuðli að bættri þjónustu, veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst og takmarki ekki eðli þjónustunnar sem um er að ræða, sbr. 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisráð áskilur sér rétt til þess að draga þessa undanþágu til baka ef m.a. forsendur fyrir henni breytast eða ef skilyrði þau sem sett eru í ákvörðunarorði eru brotin, sbr. 3. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

III. Ákvörðunarorð:

„Almennir þjónustuskilmálar Sambands íslenskra kaupskipaútgerða brjóta í bága við 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 16. gr. samkeppnislaga veitir samkeppnisráð hinum almennu þjónustuskilmálum undanþágu frá ákvæðum 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga, að uppfylltu því skilyrði að skilmálarnir muni ekki setja kaupskipaútgerðum neinar takmarkanir varðandi þá þjónustu eða verð sem útgerðirnar bjóða. Þá er aðildarfélögum Sambands íslenskra kaupskipaútgerða með öllu óheimilt að miðla viðskiptalegum upplýsingum sín á milli og einnig er félögunum óheimilt að hafa með sér hvers konar samvinnu um verð eða aðra viðskiptaskilmála.“